

# *Aðalfundur Ungmennafélags*

## *Njarðvíkur 2021*



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

STOFNAÐ 10. APRÍL 1944

BOLTI GEGN BÓLI - HREÝSTI TIL HAGSÆLDAR

*Haldinn Þriðjudaginn 29. mars 2022*

*kl. 20:00 í Íþróttamiðstöðinni í Njarðvík*



## Efnisyfirlit:

### 1.0 Aðalfundur 2021

#### 1.1 Dagskrá aðalfundar

### 2.0 Skýrsla stjórnar

#### 2.1 Aðalstjórn 2021

#### 2.2 Nefndir á vegum félagsins

##### 2.2.1 Þorablótsnefnd

#### 2.3 Starfssemi aðalstjórnar

##### 2.3.1 Unglingalandsmót UMFÍ

##### 2.3.2 Landsmót 50+

##### 2.3.3 Landsmót UMFÍ

##### 2.3.4 Sport og ævintýraskóli

##### 2.3.5 Sambandsþing UMFÍ

##### 2.3.6 Samráðsfundur UMFÍ

##### 2.3.7 Styrktarreglur UMFN

##### 2.3.8 Þorablót

##### 2.3.9 Fundir aðalstjórnar

### 3.0 Starfssemi deilda

#### 3.1 Knattspyrnudeild

#### 3.2 Körfuknattleiksdeild

#### 3.3 Líksamræktar- og kraftlyftingadeild

#### 3.4. Sunddeild

#### 3.5 Glímudeild

#### 3.6 Þríþrautardeild

### 4.0 Þakkarorð



## 5.0 Íþróttafólk Ungmennafélags Njarðvíkur 2021

- 5.1 Íþróttakarlar og íþróttakona UMFN 2021
- 5.2 Knattspyrnudeild UMFN 2021
- 5.3 Körfuknattleiksdeild UMFN 2021
- 5.4 Kraftlyftingardeild UMFN 2021
- 5.5 Sunddeild UMFN 2021
- 5.6 Glímudeild UMFN 2021
- 5.7 Þríþrautadeild UMFN 2021

## 6.0 Íslandsmeistarar Ungmennafélags Njarðvíkur 2021

- 6.1 Knattspyrnudeild
- 6.2 Körfuknattleiksdeild
- 6.3 Kraftlyftingardeild
- 6.4 Sunddeild
- 6.5 Glímudeild
- 6.6 Þríþrautardeild

## 7.0 Heiðursviðurkenningar

- 7.1 Ólafsbikar
- 7.2 Gullmerki með lárviðarsveig
- 7.2 Gullmerki
- 7.3 Silfurmerki
- 7.4 Bronsmerki
- 7.5 Aðrar viðurkenningar



## 8.0 Reikningar félagsins 2021

8.1 Áritun bókhaldsstofu

8.2 Skýrsla og áritun stjórnar

8.3 Áritun skoðunarmanna reikninga

8.4 Rekstrarreikningur

8.5 Efnahagsreikningur

8.6 Sjóðsstreymisreikningar

8.7 Sundurliðanir

## 9.0 Aðrar skýrslur og viðhengi



## **1.0. Aðalfundur**

Aðalfundur félagsins haldinn 29 .mars 2022 í Íþróttamiðstöðinni í Njarðvík kl. 20:00

### **1.1. Dagskrá fundar**

1. Fundur settur.
  - Kosning fundarstjóra
  - Kosning fundarritara
  - Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
  - Ávarp formanns
  - Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda fram til samþykktar vegna ársins 2021
  - Lagabreytingar
  
2. Heiðursviðurkenningar.
  
3. Ávarp gesta.
  
4. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda
  
5. Önnur mál.
  
6. Fundarslit.



## **2.0. Skýrsla stjórnar Ungmennafélags Njarðvíkur fyrir starfsárið 2021**

### **2.1 Ungmennafélag Njarðvíkur – aðalstjórn 2021-2022**

Ólafur Eyjólfsson, formaður

Einara Lilja Kristjánsdóttir, varaformaður

Ágústa Guðmarsdóttir, gjaldkeri

Þórdís B. Ingólfssdóttir, ritari

Anna Andrésdóttir, meðstjórnandi

Hámundur Örn Helgason, varamaður

Thor Hallgrímsson, varamaður

Skoðendur reikninga:

Kristín Örlygsdóttir

Valþór Söring

Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir til vara

### **2.2. Nefndir á vegum félagsins**

#### **2.2.1 Þorablótsnefnd**

Hlutverk nefndarinnar er undirbúningur og framkvæmd þorablóts félagsins.

Í nefndinni áttu sæti; Þórdís Ingólfssdóttir, Ólöf Viðarsdóttir og Bjarni Sæmundsson (knd), Jónína Margrét Hermannsdóttir, Friðrik E. Stefánsson, Þóra Snjólfssdóttir og Sunna Gunnarsdóttir (kkd), Eggert Gunnarsson og Guðný Inga Kristófersdóttir (kraftld.), Árný Sverrisdóttir (sundd.) og Hámundur Örn Helgason (aðalstjórn).

### **2.3. Starfssemi aðalstjórnar**

2.3.1 Unglingalandsmót

2.3.2 Landsmót 50+



### 2.3.3 Landsmót UMFÍ

Þau mót sem voru á dagskrá sumarið 2021. Landsmót UMFÍ 50+ átti að vera í Borgarnesi í lok ágúst, Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi um verslunarmannahelgina. Undirbúningur gekk vel og voru nefndir allra mótanna vel meðvitaðar um Covid-19. Í Lok júlí var tekin ákvörðun um að fresta Landsmótinu 50+ og Unglingalandsmótinu. Þessum mótum var frestað um eitt ár og mótsstaðirnir verða þeir sömu. Íþróttaveisla UMFÍ verður haldin frá maí til september 2022.

### 2.3.4. Sport- og ævintýraskóli

Sport og ævintýraskóli fyrir börn frá 6-12 ára er orðinn fastur liður hjá félaginu í uppbyggingarstarfinu. Námskeiðin hafa tekist mjög vel undir forystu Andrésar Þórarins Eyjólfssonar íþróttafraeðings. (Nánar um framkvæmd verkefnisins er að finna í skýrslu forstöðumannsins sem fylgir hér með.)

### 2.3.5 Sambandsþing UMFÍ

52. sambandsþing UMFÍ var haldið á Húsavík 15. – 17. október 2021. Vel var mætt á þingið og þar var góður andi. Aðalfulltrúar UMFN: Ólafur Eyjólfsson, Hámundur Örn Helgason, Thor Hallgrímsson, Bergþóra Ósk Jóhannsdóttir og Ingibjörg Jóhannsdóttir. Varafulltrúar: Anna Sigríður Valgeirsdóttir. Okkar fulltrúar tóku fullan þátt í þingstörfum þar sem um markt var rætt og tekist á. Ungmennafélag Njarðvíkur hlaut Hvatningarverðlaun UMFÍ 2021 fyrir samstarfsverkefni með Keflavík sem snýr að íþróttum fyrir börn með mismunandi stuðningsþarfir.

### 2.3.6. Samráðsfundur UMFÍ, verður haldinn á árinu 2022.

### 2.3.7 Styrktarreglur UMFN

Aðalstjórn veitti styrki á starfsárinu í samræmi við reglur UMFN. Er styrkja nánar getið í ársreikningum félagsins.

Voru neðangreindar reglur samþykktar á fundi þann 22. september 2009.



UMFN úthlutar styrkjum til afreksmanna sinna, samkvæmt umsóknum sem berast frá formönnum deilda og eru styrkhæf verkefni þátttaka í Norðurlandamótum, Evrópumótum og Heimsmeistaramótum með landsliðum Íslands ef kostnaður vegna fararinnar er ekki greiddur að fullu af viðkomandi sérsambandi.

Styrkur til hvers einstaklings er kr. 25.000. fyrir hverja ferð á vegum landsliðs.

Aðalstjórn UMFN fjallar sérstaklega um styrki vegna Ólympíuleika.

Deildir UMFN eru fjárhagslega sjálfstæðar samkvæmt lögum félagsins og hafa tekjur af félagsgjöldum iðkenda sinna og ágóða af íþróttamótum og öðrum fjáröflunum. Deildir félagsins bera ábyrgð á útgjöldum\* sínum og er uppsafnaður rekstrarvandi EKKI styrkhæfur.

\*Dæmi um útgjaldaliði: Kostnaður við þjálfun (laun og fræðsla), keppnisbúningar, dómgæsla, ferðakostnaður og hver sá búnaður sem þarf til æfinga og keppni.

### 2.3.9 Þorablót

Undirbúningur hófst á árinu 2021 að ellefta þorablóttinu og var það auglýst með fyrirvara um tilslakanir v/Covid-19, en að lokum urðum við að beygja okkur fyrir veirunni og var blótið blásið af annað árið í röð.

### 2.3.10 Fundir aðalstjórnar

Stjórn félagsins hélt 12 bókaða fundi ásamt því að stjórnarmenn sátu hina ýmsu fundi í kringum þau verkefni sem unnið var að. Fastur fundartími er annar þriðjudagur hvers mánaðar kl. 17:15-19:00. Enginn fundur var með formönnum deilda, en mikil samskipti voru við formenn deildanna yfir árið engu að síður. Varamenn stjórnar sækja alla fundi stjórnarinnar og eru þeir því vel inn í öllum málefnum sem á baugi eru hverju sinni.

## 3.0 Starfsemi deilda

### 3.1. Knattspyrnudeild

#### Skýrsla stjórnar KND UMFN starfsárið 2021





Nú er nýtt starfsár hafið, komið að aðalfundi deildarinnar og er því góður tími til þess að líta í baksýnispegill og fara yfir liðið ár, hvað gekk vel og hvað mátti betur fara. Innan knattspyrnudeildar Njarðvíkur fer fram öflugt starf sjálfbóðaliða sem leggja lóð sín á vogaskálarnar til að gera knattspyrnustarf Njarðvíkur eins gott og mögulegt er. Samstarf knattspyrnudeildarinnar með sjálfbóðaliðum og styrktaraðilum gerir okkur kleyft að halda úti metnaðarfullu knattspyrnustarfi.

Á aðalfundi í fyrra var gerð stór breyting á skipulagi knattspyrnudeildarinnar þegar sérstakt meistaraflokksráð var sett á laggirnar. Á fundinum var ég kjörinn formaður stjórnar og sem meðstjórnendur voru kjörnir þeir Trausti Arngrímsson, Viðar Einarsson, Gylfi Þór Gylfason og Styrmir Hafliðason. Gylfi Þór var jafnframt kjörinn formaður meistaraflokksráðs en Styrmir Hafliðason er formaður barna- og unglingaráðs. Í lok tímabils lét Gylfi Þór af störfum sem formaður meistaraflokksráðs. Gylfi kom nýr inn í starf knattspyrnudeildarinnar fyrir um tveimur árum en hann hefur spilaði stór hlutverk innan knattspyrnudeildarinnar á þeim tíma. Knattspyrnudeild Njarðvíkur þakkar Gylfa fyrir framlag sitt til fótboltans í Njarðvík.

Á tímabilinu spilaði Njarðvíkurliðið samtals 28 keppnisleiki á vegum KSÍ. Keppni í Lengjubikarnum var hætt þegar einn leikur var eftir í riðlakeppni. Þetta var annað tímabilið þar sem heimsfaraldurinn náði að setja mark sitt á undirbúningstímabil liðsins. Keppnistímabilið var heilt yfir vonbrigði fyrir okkur Njarðvíkinga en liðið endaði í 6. sæti með 32 stig. Markmiðið fyrir tímabilið var að koma liðinu aftur upp í B-deild en meiðsl, Covid og önnur skakkaföll settu brag sinn á tímabilið hjá liðinu. Þá féllum við úr leik í 32-liða úrslitum í Mjólkurbikaranum í hörkuleik gegn FH.

Hjá yngri flokkum Njarðvíkur þá náði 2. flokkur að halda sæti sínu í B-deild. Í 3. flokki er lið okkar enn í C-deild en 4. og 5. flokki héldum við sæti okkar í B-deild. Þá tefldi Njarðvík fram, í fyrsta sinn, 11 manna liði í kvennaflokki en 4. flokkur kvenna var skráður til keppnis í C-riðli.

Á nýju tímabili koma ný tækifæri. Knattspyrnudeild Njarðvíkur heldur áfram að stækka en í dag nálgast iðkenndafjöldi hjá yngri flokkum okkar 400 iðkenndur. Með örtvaxandi yngriflokkastarfi mun knattspyrnudeildin þurfa að takast á við nýjar áskoranir til að byggja góðan grunn fyrir iðkenndur okkar. Til að viðhalda þróun deildarinnar var ráðist í ráðningu á yfirmanni knattspyrnumála nú í janúarmánuði þessarar árs. Rafn Markús Vilbergsson, sem er flestum Njarðvíkingum vel kunnugur sem fyrrum leikmaður, fyrirliði og þjálfari, var ráðinn í starf yfirmanns knattspyrnumála og hefur komið inn af miklum krafti. Hans hlutverk er m.a. að móta stefnu knattspyrnudeildarinnar til framtíðar, efla afreksstarf, auka aðhald að þjálfurum og vera brú fyrir unga leikmenn upp í meistaraflokk. Þá var



Gunnlaugur Sveinn Hafsteinsson jafnframt ráðin í janúarmánuði í starf rekstrarstjóra en hann tekur við af Lórenzi Óla og er honum þakkað fyrir góð störf í þágu félagsins.

Nú er undirbúningstímabilið í fullum gangi fyrir tímabilið 2022 og menn staðránir í að gera betur en í fyrra. Við hópinn hafa bæst við nokkrir nýjir of öflugir leikmenn.

Fotbolti.net mótið fór fram í janúar, þar sem liðið lék ágætlega, og náði í flotta sigra, en hafnaði að lokum í 4ja sæti B deildar eftir tap gegn Grindavík.

Þá hófst Lengjubikarinn nú í febrúar, og okkar menn hafa farið af stað af miklum krafti þar og náð í 2 sigra með markatölunni 15-1 samtals.

Með afléttingum á sóttvarnartakmörkunum og hækkandi sólu er sannarlega tími fyrir bjartsýni. Vonandi sjáum við sem flesta á vellinum í sumar.

f.h. stjórnar KND UMFN

Brynjar Freyr Garðarsson.

### **3.2. Körfuknattleiksdeild**

#### **Skýrsla stjórnar KKD UMFN starfsárið 2021-2022**

4. maí 2021 fagnaði kvennalið Njarðvíkur deildarmeistaratitlinum í 1. deild kvenna. Liðið mætti svo Ármanni í undanúrslitum deildarinnar og vann þá rimmu 3-0 og fékk því Grindavík í lokaúrslitum deildarinnar. Grindavík vann seríuna 3-2 og vann sér sinn sæti í Subwaydeild kvenna en Njarðvík var síðar boðið sæti í deildinni.

Í maí 2021 lauk samningi Einars Árna Jóhannssonar sem þjálfara meistaraflokks karla. Deildin ákvað að framlengja ekki samstarfinu og hóf leit að nýjum þjálfara. Benedikt Guðmundsson núverandi landsliðsþjálfari kvenna tók við starfinu af Einari og fékk sér til aðstoðar Halldór Karlsson sem var einnig aðstoðarþjálfari hjá Einari.

Þann 24. maí 2021 fór fram aukaaðalfundur Körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur þar sem Kristín Örlygsdóttir var kjörin formaður.

Þann 1. Júní 2021 gerði landsliðsmaðurinn Haukur Helgi Briem Pálsson þriggja ára samning við Njarðvík.



2. júní 2021: Vilborg Jónsdóttir og Bergvin Einir Stefánsson hlutu þá Áslaugarbikarinn og Elfarsbikarinn en bikararnir eru afhentir efnilegustu leikmönnum félagsins ár hvert.

29. júní 2021: Rúnar Ingi Erlingsson var valinn þjálfari ársins í 1. deild kvenna á lokahófi KKÍ. Chelsea Jennings var valin besti erlendi leikmaðurinn og Vilborg Jónsdóttir var valin í úrvalslið deildarinnar.

6. júlí 2021: Maciej Baginski, Ólafur Helgi Jónsson og Logi Gunnarsson framlengdu samningum sínum við Körfuknattleiksdeild Njarðvíkur.

13. Júlí 2021: Veigar Páll Alexandersson var valinn í lokahóp U20 ára landsliðs Íslands. Hann lék með liðinu dagana 20.-23. Júlí í Eistlandi gegn Svíum, Finnum og heimamönnum.

23. júlí 2021: Njarðvík samdi við þrjá erlenda leikmenn fyrir átökin í Subwaydeild kvenna en það voru þær Lavinia Da Silva, Diéné Diane og Aliyah Collier.

16. ágúst 2021: Körfuknattleiksdeild Njarðvíkur semur við argentínska bakvörðinn Nicholas Richotti sem átti m.a. glæstan feril að baki í ACB deildinni á Spáni, sem og Grikkjann Fotis Lampropoulos. Deildin samdi einnig við leikstjórnandann Dedrick Basile sem leiktíðina 2020-2021 lék með Þór Akureyri.

7. september 2021: Snjólfur Marel Stefánsson samdi við Njarðvík eftir námsveru í Bandaríkjunum.

Körfuknattleiksdeild Njarðvíkur endurnýjaði fjölda samninga við samstarfs- og styrktaraðila í aðdraganda leiktíðarinnar 2021-2022. Einkar ánægjulegt var að sjá hve mikinn stuðning er að fá við starfið okkar og er það einkar þakkarvert þar sem víða hefur kreppt að vegna heimsfaraldurs COVID-19.

15. September 2021: Kvinnalið Njarðvíkur féll út í undanúrslitum VÍS-bikarsins eftir tap gegn Fjölni. Bikarkeppnin var leikin á haustmánuðum fyrir leiktíðina 2020-2021 þar sem keppninni var frestað vegna COVID-19.

18. September: 2021: Njarðvík varð VÍSBikarmeistari í karlaflokki eftir sigur á Stjörnunni í úrslitaleik sem fram fór í Smáranum í Kópavogi. Lokatölur 97-93 þar sem Dedrick Basile var valinn besti maður bikarúrslitaleiksins. Þetta var sautjándi bikarúrslitaleikur karlaliðs félagsins. Liðið hefur nú unnið 9 bikarmeistaratitla í karlaflokki og mátt sætta sig við silfrið 8 sinnum.

September 2021: Njarðvík og Þór Þorákshöfn áttust við í leiknum „Meistari meistaranna“ þar sem nýkrýndir Íslandsmeistarar Þórs höfðu betur.

5. október 2021: Á árlegum blaðamannafundi KKÍ fyrir Íslandsmótið í úrvalsdeild var karlaliði Njarðvíkur spáð Íslandsmeistaratitlinum í Subwaydeild karla en kvinnaliðinu spáð 5. sæti.

Desember 2021: Helena Rafnsdóttir semur við bandaríska háskólann North Florida og verður því yfirstandandi leiktíð hennar síðasta í bili í Njarðvíkurbúningi.

Mars 2022: Veigar Pál Alexandersson semur við bandaríska háskólann Chowan verður því yfirstandandi leiktíð hans síðasta í bili í Njarðvíkurbúningi.



Mars 2022: Vilborg Jónsdóttir semur við bandaríska háskólann Minot State og verður því yfirstandandi leiktíð hennar síðasta í bili í Njarðvíkurbúningi.

f.h. Stjórnar KKD UMFN  
Kristín Örlygsdóttir formaður

## Skýrsla stjórnar unglíngaráðs KKD UMFN starfsárið 2021-2022

Unglíngaráð samanstendur af sjálfboðaliðum úr hópi foreldra iðkenda í barna- og unglíngastarfi körfunnar í Njarðvík. Í upphafi tímabils 2021-2022 voru í unglíngaráði Guðný Karlsdóttir, formaður, Guðmundur Helgi Albertsson varaformaður, Guðbjörg Björnsdóttir, gjaldkeri en aðrir í unglíngaráði skipta mér sér verkum eftir aðstæðum og eru það Magnea Waltersdóttir, Sigurbjörn Grétarsson, Erla Ósk Jónsdóttir, Sunna Gunnarsdóttir, Bjarni Sæmundsson, Lára Woodhead, Ólafur Tryggvi Ólafsson, Anna Hulda Einarsdóttir og Guðjón Gylfason.

Skýrsla þessi spannar starf unglíngaráðs frá vormánuðum 2021 fram til mars 2022. Vegna samkomubanns á í mars 2021 þá var sú ákvörðun tekin af unglíngaráðum KKD Keflavíkur og Njarðvíkur að fella niður Nettómótið 2021 sem átti að vera fyrstu helgina í mars og urðu þar að leiðandi af miklum fjáröflunartekjum.

Í lok tímabils var tekin sú ákvörðun að lokahóf yrði haldið með öðru sniði en síðustu ár. Hjá yngri iðkendum, 5-9 ára þá var haldið lokahófsmót í samvinnu við unglíngaráð KKD Keflavík þar sem allir spiluðu 2-3 leiki og svo var pulsupartý í boði Nettó og allir þátttakendur fengu viðurkenningarskjal fyrir tímabilið og Nettó bolta. Vakti þetta mót mikla lukku hjá yngri iðkendum félaganna. Hjá iðkendum 10 ára og eldri þá hittist hver flokkur í sal á efri hæð Ljónagryfjunnar með þjálfara þar sem farið var yfir tímabilið, valdir mikilvægasti leikmaðurinn og sá leikmaður sem sýndi mestar framfarir á tímabilinu og svo bauð unglíngaráð iðkendum og þjálfurum upp á pítsur og gos. Hjá stúlknaflökki og drengja- og unglíngaflokki voru fjölskyldur þær sem standa að afhendingu á Elvars og Áslaugarbikurum boðnar á lokahófið með iðkendum þar sem bikararnir voru afhentir. Það var Bergvin Einir Stefánsson sem hlaut Elvarsbikarinn fyrir tímabilið og Vilborg Jónsdóttir sem hlaut Áslaugarbikarinn.

Drengir í mb. 11 ára urðu Íslandsmeistarar í lok tímabils en margir aðrir flokkar stóðu sig vel miðað við erfiðar aðstæður, æfingarbann og aðrar samkomutakmarkanir á tímabilinu.



Þar sem mikil röskun hafði verið á æfingum fyrri hluta 2021 þá var ákveðið að hafa sumaræfingar allt sumarið og voru voru það Adam Eiður Ásgeirsson og Veigar Páll Alexandersson sem stýrðu þeim æfingum. Mikil ánægja var með sumaræfingarnar og það framboð sem var fyrir iðkendur. Sett voru upp 3 námskeið sem voru í 3 vikur í senn. Eins stýrðu þeir Adam og Veigar Páll afreksæfingum eldri iðkenda undir stjórn Loga Gunnarssyni yfirþjálfara. Sótt var um stöðuhlutfall fyrir þjálfara sumarnámskeiða úr verkefninu sumarstörf námsmanna sem nýttist vel vegna þess tekjutaps sem hafði verið síðustu mánuði.

Unglingaráð sér um pantanir á keppnisbúningum fyrir iðkendur en þess má geta að keppnisbúningur er innifalinn í æfingargjöldum þegar iðkanda er skráður í fyrsta sinn. Í upphafi tímabils 2021-2022 var ákveðið breyta um keppnisbúninga frá Henson yfir í Macron og keypti Unglingaráð tvö keppnissett fyrir stúlknaflokk og drengja- og unglíngaflokk en stefnt er að því að hver iðkandi eigi sinn búning. Þá er unglíngaráð með ýmsan merktan varning til sölu sem fjáröflun en salan af síðunni hefur verið dræm á þessu tímabili og þarf að finna leiðir til að auglýsa sölusíðuna betur.

Helstu fjáröflunarverkefni unglíngaráðs eru sjoppusala á leikjum meistaraflokks, sjoppusala á 17. júní, skipulag á hátíðarsvæði Reykjanesbæjar á Ljósanótt og sala í Aðventugarði Reykjanesbæjar í desember. Vegna samkomutakmarkanna hefur sjoppusalan ekki verið eins mikil og fyrir Covid 19 auk þess sem sjoppusala á 17. júní og sölusvæði á Ljósanótt var ekki vegna Covid 19. En sjálfboðaliðar unglíngaráðs stóðu vaktina í Aðventugarðinum í desember sem var góð fjáröflun. Þá var ákveðið að Nettómótið fer fram helgina 9.-10. apríl nk. en Nettómótið er stærsta og mikilvægasta fjáröflun unglíngaráðs.

Logi Gunnarsson er yfirþjálfari hjá unglíngaráði en hann tók við því starfi árið 2014 og heldur vel utan um góðan hóp þjálfara. Þjálfarar yngri iðkenda frá haustinu 2021 eru: Agnar Mar Gunnarsson, Benedikt Guðmundsson, Bylgja Sverrisdóttir, Helena Rafnsdóttir, Vilborg Jónsdóttir, Veigar Páll Alexandersson, Mario Matasovic, Eygló Alexandersdóttir, Hermann Ingi Harðarson, Lárus Magnússon, Aliyah A'taeya Collier ásamt fjölda aðstoðarþjálfara.

Til að styrkja enn betur og stuðla að betra umhverfi fyrir iðkendur þá var gerður samningur við Ólaf Hrafn Ólafsson, styrktarþjálfara í upphafi tímabils 2021-2022 um þjálfun fyrir iðkendur í 7. flokki og eldri. Auk þess var gerður samningur við Hreiðar Haraldsson íþróttasálfræðiráðgjafa um hugarþjálfun fyrir iðkendur í 7. flokki og eldri þar sem Hreiðar fer yfir hvernig styrkja eigi þá hugarfarslegu þætti sem eru grundvöllur árangurs og ánægju í íþróttum. Auk þess að hitta iðkendur á fyrirlestrum þá fá allir þjálfarar einnig fræðslu frá Hreiðari.



Einnig var stofnað til samstarfs við körfuboltaklúbb Paterna í Valencia á Spáni til að koma til móts við elstu iðkendur í barna- og unglíngastarfi. Stúlknaflökkur Paterna kom í heimsókn í desember 2021 ásamt þjálfurum og hópi foreldra. Þar fengu þau að kynna starfi Unglingaráðs, tóku þátt í æfingum með stúlknaflökki Njarðvíkur auk þess að keppa æfingarleiki við liðið. Einnig var þeim boðið í skoðunarferðir á helstu ferðamannastaði Íslands. Leitað var eftir styrktaraðilum við þetta verkefni og voru undirtektir frábæra. Verkefnið var styrkt af Reykjanesbæ auk þess sem fjöldi fyrirtækja styrkti verkefnið og þakkar Unglingaráð þeim kærlega fyrir. Stúlknaflökkur Njarðvíkur mun svo endurgjalda heimsóknina til Valencia í lok apríl 2022 og á það eflaust eftir að hafa jákvæð áhrif á þátttöku þeirra stúlkna í áframhaldandi starf innan félagsins sem er eitt af helstu markmiðum verkefnisins.

Iðkenda fjöldi hefur síðustu ár verið um 250 iðkendur í lok hvers tímabils og í mars 2022 þá eru 254 iðkendur skráðir. Eitt af markmiðum Unglingaráðs næstu mánuði er að fjölga iðkendum.

F.h. Unglingaráðs Kkd. UMFN  
Guðný Karlsdóttir formaður

### **3.3. Massi – lyftingar og líkamsræktardeild UMFN**

#### **Skýrsla stjórnar Massa starfsárið 2021**

Massi átti frábært keppnisár í Kraftlyftingum sem og Ólympískum lyftingum. Íslandsmeistarar, bikarmeistarar, heill hellingur af Íslandsmetum, Evrópumeistarar og Heimsmeistari ásamt nokkrum heimsmetum!

Keppnislið Massa í kraftlyftingum var stigahæst í Liðakeppni KRAFT í karlaflokki og í 3.sæti í kvennaflokki. Þess má til gamans geta að yngstu keppendur á árinu voru rétt 15 ára og sá elsti 63 ára og líklega engin deild sem hefur virka keppendur á svo víðu aldursbili sem raunin er.

Veiran hefur verið alsráðandi síðastliðin ár en Lyftingarsalur Massa - Lyftingadeildar UMFN opnaði aftur fyrir almenning 24. febrúar við mikinn fögnuð. Æfingar höfðu þó farið fram, hjá keppendum Massa frá byrjun árs eftir ströngum sóttvarnareglum.

Tvö ný þrekþjól ásamt Assault Air hjóla var bætt í tækjasalinn okkar ásamt nýjum teygjum og í lok árs fjárfestum við í nýju hljóðkerfi sem er nú verið að leggja lokahönd á uppsetingu og verður það vonandi mikil lífsbót fyrir andann í salnum. Sökum aðstæðna voru engin mót haldin í Massa þetta árið, en stefnt er á að bæta úr því á komandi keppnisári. Það er kostur að geta haldið mót og frábært fyrir okkar keppendur að geta keppt á heimavelli.



Fyrsta mót ársins var RIG þar sem við áttum 3 fulltrúa í landsliði Íslands. Íris Rut Jónsdóttir og Sindri Freyr Arnarsson enduðu bæði í 2.sæti í sínum þyngdarflokk í klassískum kraftlyftingum og Emil Ragnar Ægisson hnepti 3.sætið í ólympískum lyftingum.

Öflugt lið Massa í drengja og unglingsflokki í klassískum kraftlyftingum tóku til sín á árinu og unnu til margskonar verðlauna og meta. Það verður því spennandi að fylgjast með þessum keppendum á komandi árum. Eggert Gunnarsson keppti í fyrsta skiptið á erlendri grundu á Norðurlandamóti unglings í klassískum kraftlyftingum í Finnlandi og endaði hann í 4.sæti í -105kg flokki.

Katla Björk Ketilssdóttir átti mjög öflugt keppnisár í ólympískum lyftingum og varð hún Evrópumeistari unglings í, lenti í þriðja sæti á norðurlandamóti unglings og keppti svo á HM í senior flokki í fyrsta skipti þar sem hún endaði í 15.sæti af 20 keppendum í mjög sterkum -64kg flokki kvenna. Keppendur í öldungaflokki voru einnig mjög atkvæðamiklir á árinu og má þar helst nefna árangur Elsu Pálsdóttir sem átti heldur glæsilegt keppnisár. Elsa varð bæði Evrópu og Heimsmeistari í klassískum kraftlyftingum ásamt því að slá nokkur heimsmet og setti 50 ný íslandsmet. Er það líklega eitthver besti árangur sem keppandi frá Massa hefur náð á heimsvísu í sínum flokki.

Það var því ekki við að öðru að búast en að hún yrði krýnd Kraftlyftingarkona ársins hjá Massa en ásamt því fylgdi nafnbótin Íþróttakona UMFN og einnig Íþróttakona Reykjanesbæjar 2021. Það eru gleðifréttir fyrir deildina og íþróttina þegar fólkið okkar vekur athygli í samfélaginu með árangri sínum og hvað þá á heimsvísu! Í dag er alþjóðlegur dagur kvenna og í dag varð Elsa Pálsdóttir Evrópumeistari í 76kg flokki kvenna M3 í klassískum kraftlyftingum árið 2022! Þetta sýnir og sannar hvað konurnar okkar eru alveg eins líklegar til þess að lyfta lóðum eins og við karlarnir. Við í Massa stuðlum að jafnrétti kynjanna og þykir það miður að engin kona fékkst til þess að sitja í stjórn þetta árið – en þær eru nokkrar í deildinni og munu halda áfram að leggja sitt að mörkum.

Mig langar að enda þetta á smá sögu um okkar ástkæra Eleiko stál – en árið 1950 þegar Tyra Johansson tók við sem forstjóri Eleiko, þá var fyrirtækið einungis að framleiða lítil raftækji líkt og vöflu járn. Á þessum tíma þá voru stangir yfirleitt að bogna og brotna á lyftingarmótum og Tyra tók þá ákvöðrum að búa til betri lyftingarstöng. Til þess þurfti hún lán og mætti miklu mótlæti í bankanum sem fyrirtækið hafði átt í viðskipti í mörg ár og var henni hafnað láninu fyrir það eitt að vera kona. Hún gafst þó ekki upp og fékk lán í öðrum banka sem varð til þess að Eleiko kom á markað sinni frægu lyftingarstöng sem var sú fyrsta í sögunni til að standast heilt lyftingarmót. Við óskum öllum keppendum til hamingju með árangurinn og þökkum fyrir samstarfið

F.h. Massa  
Ellert Björn Ómarsson formaður



### 3.4. Sunddeild

#### Skýrsla stjórnar Sunddeildar UMFN starfsárið 2021

Þetta árið er okkur minnstætt fyrir ágætis uppgang eftir allmiklar hömlur vegna Covid. Það sem stendur upp úr á þessu ári er að við unnum okkar titil aftur, Aldursflokkameistarar 2021. Frá árinu 2017 höfum við lent í örðru sæti og þar áður unnum við ár eftir ár. Þetta ár unnum við með nokkrum yfirburðum en mótið var haldið á Akureyri í sumar. Mótið hefur verið haldið árlega fyrir sundmenn 17 ára og yngri en á næsta ári verður gerð breyting á. Þetta er síðasta mótið með þessu fyrirkomulagi en framvegis verður það fyrir fjórtán ára og yngri.

Lokastaðan var: ÍRB 976 stig, SH 815 stig og Breiðablik 671 stig.

Þetta er í tólfta skipti sem Sundráð ÍRB vinnur AMÍ en Sundráð ÍRB var stofnað árið 2001 þegar sunddeildir Njarðvíkur og Keflavíkur sameinuðust. Hjá okkur að þessu sinni tóku 40 sundmenn þátt í mótinu. Að baki svona árangri liggur mikil vinna þeirra sem koma að þjálfuninni, aðstandenda og íþróttamannanna segir Steindór Gunnarsson yfirþjálfari en í þjálfarateymi með honum eru þeir Eðvarð Þór Eðvarðsson og Þröstur Bjarnason en mikil ánægja hefur verið með störf þeirra féлага. Ásamt hinum þjálfurum yngri flokkana Jóna Helena, Jóhanna og Hólmfríði sem hafa staðið sig með prýði.

Árni Þór Pálmason varð stigahæstur í sveinaflokki ellefu til tólf ára. Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir varð stigahæst í telpnaflokki þrettán til fjórtán ára og hlaut hún einnig Ólafsbikarinn fyrir bestan árangur í langsumdum.

*Steindór segist vera mjög ánægður með starfið í vetur: „Við höfum á að skipa mjög góðum og hæfum þjálfurum sem ná vel til barnanna og sundmenn sem vilja leggja mikið á sig til að ná árangri.“ Nýir möguleikar opnast með tilkomu sundlaugar í Stapaskóla og vonandi bætist í okkar góða hóp sundmanna með aðstöðu sem er í hverfi sem er stöðugt að stækka. „Með þessu móti er skrítnu tímabili að ljúka sem hefur reynt mikið á þjálfara, foreldra og sundmenn. Oft hefur þurft að byrja upp á nýtt og endurhugsa æfingarnar þegar sundlaugum var lokað, krakkarnir eiga hrós skilið fyrir að hafa haldið sér í formi þegar æfingar dattu niður í sundlauginni, þeir lögðu metnað í að gera æfingarnar heima algjörlega á eigin ábyrgð sem er síðan að skila sér í þessum frábæra árangri á þessum móti,“ sagði Steindór að lokum.*





Þá er það alveg ljóst að sunddeild UMFN ásamt deild Keflavíkur að við erum með þeim bestu sundmenn á landinu þegar því við syndum saman sem Sundráð ÍRB. Skemmst er frá því að segja að það hafa farið fram formlegar viðræður um að sameinast í eina deild en hefur sú vinna ekki tekið á sig endanlega mynd og skýrist það væntanlega á árinu 2022. Bíðum við eftir þeirri vinnu sem formennirnir hafa unnið saman og vinnum við það í sameiningu ásamt aðalstjórnnum beggja félaga. Við finnum fyrir miklum stuðningi við vegna þessa og ekki síst við aðalstjórnir heldur einnig við bæjaryfirvöld. Því að okkar grunur er að við eigum eftir að fá meiri viljrði gagnvart bænum þegar það kemur að styrktarbeiðnum.

### **Landliðshópar hjá Sundsbandi Íslands.**

Á árinu 2021 þá höfum við átt átta fulltrúa í Framtíðarhóp og þrjá fulltrúa í Unglingalandsliðið hjá SSÍ. Denas Kazulis, Athena líf Þrastardóttir, Ástós Lovísa Hauskdóttir, Elísabet Arnoddsdóttir, Freydís Lilja Bergþórsdóttir, Katla María Brynjarsdóttir, Natalia Dögg Brynjarsóttir, Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir, Eva Margret Falsdóttir, Fannar Snævar Hauksson og Kári Snær Halldórsson. En árið 2020 þá gekk Eyleifur Ísak Jóhannesson landliðsþjálfari til liðs við SSÍ og tók við stöðu landliðsmála. Hann á margra ára feril að baki í sundheiminum. Í framtíðarhóp eru allir þeir sem eru í fyrsta og öðru sæti á afrekskáká í 200m og 400m greinum í hvejum árgangi einnig valdir til þáttöku verkefnum innanlands.

Kerfið hefur fjögur þrep þar sem verður stigvaxandi unnið með hæfileikamótun og bæta reynslu sundfólks, með hámarksárangur á alþjóðlegum vettvangi að leiðarljósi. Þar verða haldnar reglubundnar æfingahelgar innanlands. Innihald helganna verða almennar æfingar og tæknivinna í laug. Einnig fara fram sundmælingar og unnið í að bæta þekkingu sundfólksins á sviði næringar- og íþróttasálfræðingar. Markmiðið með þessum hópum er að búa til markvisst kerfi með langtíma árangur að leiðarljósi. Æfingarhóparnir hjá SSÍ eru fjórir; Framtíðarhópur, Unglingalandslið, Úrvalshópur og A-landslið. Lágörk og viðmið eru reiknuð út frá HM50, FINNA A og B lágörkum.

### **Uppskeruhátið Sundráðs ÍRB**

Þegar tímabilið var að klárast í júní þá náðum við loksins að halda lítið lokahóf fyrir krakkana. Sundráð ÍRB verðlaunaði þau fyrir tvö ár 2019 og 2020. Þetta var uppskeruhátið fyrir þrjú elstu hópana okkar. Afreks-Framtíðar- og Háhyrningarhóp. Einnig nýttum við tækifærið á því að heiðra Má Gunnarsson fyrir afrekið sitt þegar hann setti heimsmet á þessu ári í 200m bak.



Bikarkeppni SSÍ var haldin í desember á þessu ári. Mótið gekk vel og sundráð ÍRB hamraði öðru sæti í karlaflokki og í þriðja sæti í kvennaflokki. Þó svo að við áttum unga og efnilega sunmenn í hvorum flokki þá stóðum við okkur mjög vel.

### **Sundfólk ársins 2021**

Sundkona ársins 2021 Karen Mist Arneirsdóttir. Hún stundar háskólanám í Bandaríkjunum á skólasyrki í sundi við Florida gulf Coast háskólann í Flórída. Þrátt fyrir það þá kom hún heim og keppti á ÍM 50 og sumarmóti SSÍ með góðum árangri. Á ÍM 50 varð Karen Íslandsmeistari í tveimur greinum, 50m bringusundi og 100m bringusundi á sínum bestu tímum. Karen hefur verið mikilvægur partur af sundliðinu okkar í gegnum árin.

Við óskum Kareni Mist innilega til hamingju með þennan titil.

Sundmaður ársins 2021 Fannar Snævar Hauksson. Var hann einnig valinn Íþróttamaður Ungmannafélag Njarðvíkur og erum við afar stolt af þessum unga og flotta sundmanni sem hefur átt frábært ár. Hann varð Íslandsmeistari í 100m flugsundi á Íslandsmeistaramótinu ÍM 50. Fannar setti aldursflokkaðmet í greininni á Íslandsmeistaramótinu ÍM 25. Þá sló hann tvö aldursflokkaðmet í 50m og 100m flugsundi. Á Aldursflokkaðmeistaramótinu á Akureyri í sumar varð hann aldursflokkaðmeistari í fimm greinum. Fannar var valinn til þátttöku á Norðurlandamótinu með unglingslandslíði SSÍ þar sem hann stóð sig afar vel og var í öllum boðsundsveitum á mótinu fyrir hönd Íslands. Fannar var einn af lykilmönnum í karlaliði ÍRB í Bikarkeppni SSÍ sem haldin var nú í desember og urðu þeir í öðru sæti. Fannar gerði sér lítið fyrir og sló 35 ára gamalt Njarðvíkurmet Eðvarðs Þórs Eðvarðssonar frá 1986 í 100m baksundi í karlaflokki. Gamla metið var 56,26 en Fannar Snævar synti á 56,00. Jafnframt bætti hann ÍRB metið í piltaflokki frá 2007 um rúmlega eina og hálfu sekúndu.

Við óskum Fannari Snævari hjartanlega til hamingju með verðskuldaðan titil.

Fyrir hönd stjórnar.  
Sigurrós Antonsdóttir formaður

### **3.5. Glímudeild**

#### **Skýrsla stjórnar Glímudeildar UMFN starfsárið 2021**

Viðhengi



### 3.6 Þríprautardeild

#### Skýrsla stjórnar þríprautardeildar UMFN starfsárið 2021

Starfsárið 2021 einkenndist mikið af COVID. Reynt var eftir fremsta megni að halda starfinu gangandi á milli fjöldatakmarkanna. Héldum nokkra góða viðburði ásamt því að halda starfinu í eins eðlilegum skorðum og hægt var miðað við aðstæðu.

Æfingaferð 3N, sem hefur verið árlegur viðburður um nokkurt skeið var frestað þetta árið. Gaman að segja frá því að farið var í ferðina á þessu ári og tókst hún afar vel.

Við héldum okkar árlegu götuhjólakeppni, Reykjanesmótið, í maí. Reykjanesmótið er ein af vinsælustu götuhjólakeppnum landsins þar sem byrjendur sem og lengra komnir geta fundið vegalengdir við sitt hæfi og keppt sín á milli. Fjöldi keppenda var aðeins undir meðaltali en dágóður hópur mætti og tók þátt. Framkvæmd mótsins gekk vel þrátt fyrir ýmsar sértækar útfærslur vegna COVID. Viljum þakka kærlega öllum komu að mótinu og lögðu hönd á plóg. Talsverður fjöldi sjálfboðaliða tóku þátt. Þetta árið fengum við liðsauka frá Sunddeildinni, sem var mjög kærkomin viðbót. Einnig þökkum við Sandgerðisbæ, Grindavíkurbæ, vegagerðinni, Lögregluembættinu á Suðurnesjum, Björgunarsveitunum og öllum styrktaraðilum mótsins kærlega fyrir ómetanlegan stuðning.

Keppnisþátttaka iðkenda deildarinnar var með minna móti þetta árið. Árangurinn var samt góður þar sem okkar fólk tók þátt.

Guðbjörg Jónsdóttir var í 2. sæti kvenna í Vormaraþoni Félags Maraþonhlaupara

Börkur Þórðarson náði góðum árangri í þeim keppnum sem hann tók þátt í á árinu.

3 sæti Vormaraþon Félags Maraþonhlaupara í hálfu maraþoni

3 sæti 10 km hlaup á Hlaupahátíð Vestfjörðum

2 sæti byrjendaflokki Íslandsmeistaramóti í Ofursprettþraut 3N

2 sæti Stúdeosporthlaup Selfossi

Guðmundur Daði Guðlaugsson tók þátt í hlaupakeppnum með góðum árangri á árinu.

1 sæti í ljósanæturhlaupi lífstíls 2021

2. sæti í Álafosshlaupinu 2021



3N-arar tóku þátt í hinum ýmsu keppnum sem boðið upp á hér á landi sem of langt væri að telja hér. Vaskur hópur 3N-ara tók þátt í Berlínar Maraðoninu 2021, stóðu sig vel og höfðu gaman af.

Í lok júlí fóru 19 mans hópur hlaupara 3N í hlaupaferð um hálendið. Hlaupið var Laugavegurinn á tveimur dögum. Voru allir sammála um að þetta hafi verið frábær ferð sem heppnaðist fullkomlega. Helena Ósk Jónsdóttir og Hulda Sævarsdóttir skipulögðu ferðina frá a til ö. Viljum þakka þeim kærlega fyrir að skipuleggja þennan skemmtilega viðburð.

Í lok ágúst héldum við okkar árlegu sprettþraut. Fengum mikinn stuðning félagsmanna við framkvæmd keppinnar sem gekk afar vel og var til fyrirmyndar. Vil ég þakka þeim sem komu að keppnishaldinu kærlega fyrir þeirra framlag. Þátttakan í keppninni var nokkuð góð miðað við allt COVID vesenið. Verður gaman að halda keppnina á þessu ári að því gefnu að ástandið verði áfram gott.

Í lok október héldum við árshátíð með glæsilegum hætti. Ótrúlega gaman að hittast í sparifötunum og gera okkur glaðan dag. Þökkum kærlega þeim sem komu að skipulaginu á þessum skemmtilega viðburði sem nú er orðin hefð.

Í Haust voru þjálfaraskipti í hlaupahópnum. Klemenz Sæmundsson afhenti keflið og við tóku Börkur Þórðarson og Guðný Petrína. Við þökkum Klemma kærlega fyrir hans framlag við að stofna og halda gangandi hlaupahópnum undanfarin 10 ár. Börkur og Guðný eru að standa sig gríðarlega vel í þjálfarahlutverkinu og óskum við þeim góðs gengis í nýju hlutverki sem hlaupaþjálfarar 3N.

Starf Þríþrautardeildar UMFN gekk nokkuð vel á árinu 2021. Fjöldi iðkenda er aðeins undir meðaltali undanfarinna ára. Rekstur deildarinnar stendur vel og almenn ánægja í deildinni. Við í stjórninni hvetjum iðkendur til að koma með góðar ábendinga og hugmyndir sem bæta megi starf þríþrautardeildar UMFN. Við hvetjum iðkendur líka til að taka þátt í starfinu með okkur því “margar hendur vinna létt verk”. Vil ég fyrir hönd Stjórnarinnar þakka Aðalstjórn UMFN fyrir veittan stuðning ásamt öllum sem hafa lagt hönd á plóg við rekstur deildarinnar

Fyrir hönd stjórnar 3N,  
Baldur Sæmundsson formaður

#### **4.0 Þakkarorð**



Ég vil færa þakkir fyrir öllu því frábæra fólki sem komið hefur að störfum fyrir félagið. Það er ekki sjálfgefinn hlutur að sjá af tíma sínum í þessi störf og vinna ötullega að því að gera frábært félag enn betra. Megi starfssemi félagsins blómstra áfram um ókomna framtíð.

Bolti gegn böli – hreysti til hagsældar.

Áfram Njarðvík.

F.h. stjórnar UMFN

Ólafur Eyjólfsson formaður

## **5.0 Íþróttafólk og Íslandsmeistarar Ungmennafélags Njarðvíkur 2021**

### **5.1. Íþróttakarlar og íþróttakona UMFN 2021**

Fannar Snævar Hauksson og Elsa Pálsdóttir

### **5.2. Knattspyrnukarlar UMFN 2021**

Kenneth Hogg

### **5.3. Körfuknattleikskarlar og körfuknattleikskona UMFN 2021**

Mario Matasovic og Helena Rafnsdóttir

### **5.4. Kraftlyftingakarlar og kraftlyftingarkona UMFN 2021**

Sindri Freyr Arnarsson og Elsa Pálsdóttir

#### **Lyftingakarlar og lyftingarkona UMFN 2021 (ólymp.lyftingar)**

Emil Ragnar Ægisson og Katla Björk Ketilsdóttir

### **5.5. Sundkarlar og sundkona UMFN 2021**

Fannar Snævar Hauksson og Karen Mist Arneirsdóttir

### **5.6. Glímukarlar og glímukona UMFN 2021**



Gunnar Örn Guðmundsson og Heiðrún Fjóla Pálsdóttir

## **5.7. Þríbrautarkarl og þríbrautarkona UMFN 2021**

Enginn tilnefndur, v/Covid-19, sjá skýrslu deildar

## **6.0 Íslandsmeistarar UMFN 2021**

### **6. 1. – 6.6.**

Sjá skýrslur viðkomandi stjórna deilda UMFN

## **7.0 Heiðursveitingar**

### **7.1. Ólafsbikar 2021: Guðný Björg Karlsdóttir**

Ólafur F. Thordersen afhenti Guðnýju Björg bikarinn fyrir óeigingjarnt starf fyrir félagið.

Bikarinn var fyrst afhentur á aðalfundi félagsins 1993.

#### 2020

Þórunn Þorbergsdóttir

#### 2019

Harpa Kristín Einarsdóttir

#### 2018

Hafsteinn Hilmarsson

#### 2017

Bjarni Sæmundsson

#### 2016

Halldóra Halldórsdóttir

#### 2015

Valþór Söring og Halldóra Lúthersdóttir

#### 2014

Agnar Mar Gunnarsson

#### 2013

Helgi Helgason



2012

Guðmundur Stefán Gunnarsson

2011

Halldór Rósmundur Guðjónsson

2010

Alexander Ragnarsson & Bylgja Sverrisdóttir

2009

Rafn Vilbergsson

2008

Örvar Þór Kristjánsson

2007

Logi Halldórsson

2006

Haraldur Hreggviðsson

2005

Andrés Ottósson

2004

Erlingur Rúnar Hannesson

2003

Halldóra Húnbogadóttir

2002

Einar Árni Jóhannsson

2001

Ingólfur Ólafsson

2000

Freyr Sverrisson

1999

Steinunn Sighvatsdóttir

1998

Ólafur Guðbergsson

1997



Freyr Sverrisson

1996

Steindór Gunnarsson

1995

Kristinn Pálsson

1994

Leifur Gunnlaugsson

1993

Júlíus Valgeirsson

### **7.1. Gullmerki með lárviðarsveig**

Veitt á lokahófi knð UMFN 2018

Leifur Gunnlaugsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

Einar Árni Jóhannsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Hilmar Hafsteinsson

### **7.2. Gullmerki**

Gullmerki UMFN fyrir frábær störf í þágu félagsins en þó aldrei fyrr en eftir 20 ára starf eða keppni fyrir félagið.

Veitt á aðalfundi UMFN 2020

Friðrik Stefánsson

Logi Halldórsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2019

Ólafur Eyjólfsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2018

Jóhannes A. Kristbjörnsson

Halldóra Lúthersdóttir





Valþór Söring Jónsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2017

Hafsteinn Hilmarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2016

Ómar Kristjánsson

Björgvin Magnússon

Ágúst Hrafnsson

Lára Ingimundardóttir

Guðmundur Sæmundsson

Jón Einarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2015.

Alexander Ragnarsson

Andrés Ari Ottósson

Viðar Kristjánsson

Þórunn Friðriksdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

Erlingur Rúnar Hannesson

Páll Kristinsson

Ragnar Halldór Ragnarsson

Sigmundur Már Herbertsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2013

Haukur Guðmundsson

Friðrik Pétur Ragnarsson

Leifur Gunnlaugsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2012

Gunnar Örn Guðmundsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Hermann Jakobsson



Jón Bjarni Helgason

Ólafur Thordersen

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

Gunnar Þórarinnsson – (afhent á lokahófi knattspyrnudeildar)

Veitt á aðalfundi UMFN 2009

Stefán Bjarkason

Böðvar Jónsson

Guðmundur Snorrason

Haukur Jóhannsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2008

Oddbergur Eiríksson

Veitt á aðalfundi UMFN 2007

Gunnar Þorvarðarson

Veitt á aðalfundi UMFN 2006

Teitur Örlygsson

Kristbjörn Albertsson

### **7.3. Silfurmerki**

Silfurmerki UMFN með fyrir 15 ára frábært starf eða keppni fyrir félagið.

Veitt á aðalfundi UMFN 2021

Sigurður H. Ólafsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2020

Ágústa Guðmarsdóttir

Árni Þór Ármannsson

Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir

Guðni Erlendsson

Hörður Birkisson

Veitt á aðalfundi UMFN 2019

Thor Hallgrímsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2018



Sturla Ólafsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2017

Agnar Mar Gunnarsson

Bylgja Sverrisdóttir

Helgi Helgason

Veitt á aðalfundi UMFN 2016

Helgi Arnarson

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

Snorri Jónas Snorrason

Veitt á aðalfundi UMFN 2013

Einar Árni Jóhannsson

Friðrik Erlendur Stefánsson

Sævar Ingi Borgarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Alexander Ragnarsson

Andrés Ari Ottósson

Friðrik Pétur Ragnarsson

Guðmundur Sæmundsson

Júlíus Valgeirsson

Magnús Þór Kristófersson

Viðar Kristjánsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2009

Friðrik Ólafsson

Herbert Eyjólfsson

Þórunn Þorbergsdóttir

Þórður Karlsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2008

Björn Jóhannsson

Edda Ottósdóttir

Haraldur Hreggviðsson



Veitt á aðalfundi UMFN 2007

Einar Árni Jóhannsson  
G. Elsie Einarsdóttir  
Gunnar Þórarinsson  
Haukur Guðmundsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2006

Guðmundur „Brói“ Sigurðsson  
Hermann Jakobsson  
Leifur Gunnlaugsson  
Freyr Sverrisson

**7.4 Bronsmerki**

Bronsmerki UMFN fyrir 10 ára starf eða keppni fyrir félagið .

Veitt á aðalfundi UMFN 2021

Einara Lilja Kristjánsdóttir  
Anna Gunnlaugsdóttir  
Guðbjörg Jónsdóttir  
Gunnlaug F. Olsen  
Guðmundur S. Gunnarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2020

Anna Andrésdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2019

Harpa Kristín Einarsdóttir  
Guðný Björg Karlsdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2017

Sævar Ágústsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2016

Halldóra Halldórsdóttir  
Þórir Hauksson  
Haraldur Helgason



#### Veitt á aðalfundi UMFN 2013

Kristinn Örn Agnarsson  
Thor Ólafur Hallgrímsson

#### Veitt á aðalfundi UMFN 2012

Hörður Birkisson  
Sturla Ólafsson  
Sævar Borgarsson

#### Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Bjarni Sæmundsson  
Guðni Erlendsson  
Jóhannes Albert Kristbjörnsson  
Kristinn Einarsson  
Páll Kristinsson

### **7.4 UMFN skjöldurinn**

Viðurkenningar fyrir vel unnin störf í þágu félagsins

#### Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Sigmundur Már Herbertsson fyrir dómgæslu  
Helgi Helgason  
Snorri Jónas Snorrason  
Thor Ólafur Hallgrímsson

## **8.0. Reikningar félagsins 2020**

### **8.1 Áritun bókhaldsstofu**

## **9.0 Aðrar skýrslur og viðhengi**

### **9.1. Sport- og ævintýraskóli UMFN 2020**

